



# Fjarskiptastofa

## Ákvörðun nr. 8/2022

### - Aðgangur að landi í Þykkvabæ -

#### I. Erindið

(1) Með bréfi, dags. 20 júlí 2022, barst Fjarskiptastofu (FST) erindi frá Ljósleiðaranum ehf. (Ljósleiðarinn) sem varðar aðgang að landi í tengslum við lagningu ljósleiðarastrengs frá Þorlákshöfn að Landeyjasandi (*mál nr. 2022070050*).

(2) Liggur lagnaleiðin m.a. annars í gegnum jarðir í Þykkvabænum, en í erindinu er lagnaleiðinni lýst með svofelldum hætti:

„Fyrirhuguð lagnaleið liggur frá Hólsá í austurenda Rangárþings ytra niður með gróðrarlínu meðfram Gljánni um sameignarlönd íbúa austurbæjarhluta Þykkvabæjar og vesturbæjarhluta Þykkvabæjar. Þaðan fer leiðin um sameignarfjöru Háfshverfis við Gljáanna ásamt því að fara meðfram vegstæði í Háfshverfi inn að Þjórsá. Miðað er við að fara inn fyrir gróðrarlínu þar sem grunnvatnsstaða er lág á svæðinu og sandurinn á mikilli hreyfingu þar sem ekki hefur náðst að græða upp landið. Þá er miðað við að vera sunnan við girðingu sem liggur meðfram Gljánni. Til að tryggja öryggi ljósleiðarastrengsins verður grafið í bakka þeirra skurða sem liggja þvert á lagnalegu og þannig næst að plægja enn dýpra í skurðbotninn sem lágmarkar áhættu þegar hreinsa þarf úr skurðum.“<sup>1</sup>

(3) Í erindi Ljósleiðarans kemur fram að efnt hafi verið til samráðs við landeigendur í Þykkvabænum og að fyrirhuguð framkvæmd hafi mætt andstöðu tiltekinna landeigenda sem voru tilgreindir í erindi félagsins. Athugasemdir þessara landeigenda voru meðfylgjandi erindi félagsins.

(4) Þá var fyrirhuguð framkvæmd Ljósleiðarans jafnframt auglýst í Lögbirtingarblaðinu þann 24. ágúst 2022.

(5) Ljósleiðarinn krefst viðurkenningar á rétti félagsins til aðgangs að því landi og þeim jörðum í Rangárþingi ytra sem með þarf til þess að leggja ljósleiðarastrenginn í samræmi við

---

<sup>1</sup> Í viðaukum við ákvörðun þessa fylgir uppdráttur af lagnaleiðinni í gegnum Þykkvabæ ásamt GPS hnitsetningum. Athugið að viðaukarnir er ekki birtir opinberlega vegna trúnaðar um upplýsingarnar.

fyrirhugaða lagnaleið ljósleiðarastrengsins og að framan er lýst, samkvæmt lagaheimild í 69. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003.

(6) Með erindi Ljósleiðarans fylgdi listi yfir þá þinglýstu landeigendur í Þykkvabæ sem krafa félagsins beinist að, en fjöldi eignalanda samkvæmt landeignaskrá er um sjötíu talsins.<sup>2</sup>

## II.

### Málsmeðferð og sjónarmið

#### 2.1. Sjónarmið Ljósleiðarans

(7) Krafa Ljósleiðarans byggir á því að 69. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 feli í sér almenna og lögbundna takmörkun á eignaréttindum og að landeigendum sé skylt að veita fjarskiptafyrirtækjum aðgang að landi í þeim tilgangi að leggja fjarskiptastrengi í jörðu. Um þetta segir í erindi félagsins:

- Takmörkun á eignarráðum er sett vegna almannahagsmuna sem felast í mikilvægi öruggra og greiðra fjarskipta fyrir almenning og samfélagið allt,
- Ákvæðið felur í sér að landeigendur geta hvorki meinað eða bannað fjarskiptafyrirtæki að leggja fjarskiptalagnir um jarðir eða fasteignir þeirra. Það er ekki lagaskilyrði að aflað sé samþykkis landeiganda í ofangreindu skyni,
- Aðgangsrétturinn felur í sér að fjarskiptafyrirtæki á rétt til aðgangs að ljósleiðarastrengnum vegna viðgerða og viðhalds,
- Vegna takmörkunar á eignarrétti verður fjarskiptafyrirtæki ekki gert að greiða leigu fyrir fjarskiptalagnir eða aðrar greiðslur fyrir notkun á landi samkvæmt ákvæðinu,
- Hvorki sé að finna fyrirmæli um rétt landeiganda til greiðslu í hlutdeild í söluandvirði fjarskiptalagna í fjarskiptalögum né öðrum lögum,
- Landeigandi beri sönnunarbyrði um meinta heftingu eða skerðingu svo og um meint tjón og umfang,
- Fyrirhuguð lega ljósleiðarastrengsins eða framkvæmdir skerða ekki landnotkun.
- Mögulegur bótarréttur landeigenda getur hvorki staðið í vegi fyrir rétti fjarskiptafyrirtækis til að leggja fjarskiptalögn í landi hans né tafið fyrirhugaðar framkvæmdir,
- Ljósleiðarinn hafi uppfyllt samráðs- og upplýsingaskyldu gagnvart landeigendum og umráðamönnum. Landeigendur hafa haft nægar upplýsingar undir höndum allt frá fyrra bréfi Ljósleiðarans þann 24. júní 2022 til þess að koma með athugasemdir og á þeim tíma óskað eftir samráði um m.a. legu ljósleiðarastrengsins,
- Mótmælt er að loftmynd af fyrirhugaðri ljósleiðarlögn sé óskýr eða ónákvæm.

(8) Að endingu vék Ljósleiðarinn að aðkomu sveitarfélaga að málum sem þessum. Ekki væri gert ráð fyrir að sveitarfélög þurfi að gefa út framkvæmdarleyfi fyrir jarðvegsframkvæmdum við lagningu fjarskiptastrengja, nema að sýnt væri fram á að skilyrði 13. gr. skipulagslaga væru uppfyllt.

---

<sup>2</sup> Listi Ljósleiðarans yfir þinglýsta eigendur á lagnaleiðinni er að finna í viðauka nr. 3 við ákvörðunina. Listinn er þó ekki ætlaður til opinberrar birtingar.

(9) FST hefur kynnt sér sjónarmið og lagarök Ljósleiðarans í heild sinni þótt ekki sé vísað til þeirra sérstaklega hér að ofan.

## 2.2. Sjónarmið landeigenda

(10) Með erindi Ljósleiðarans fylgdu þær athugasemdir sem félaginu höfðu borist frá nokkrum landeigendum og teljast þær til gagna málsins.

(11) Af gögnum málsins má sjá að lagnaleiðin liggur um eignarlönd í eigu tiltekinna aðila og um land sem er í óskiptri sameign landeiganda í Þykkvabæ. Með tilliti til þessa beinist erindi Ljósleiðarans ehf. að öllum þinglýstum eigendum lögbýla á lagnaleiðinni sem allir teljast vera aðilar málsins. FST taldi rétt að gefa öllum þessum aðilum tækifæri til að tjá sig um fram komið erindi Ljósleiðarans, sbr. bréf stofnunarinnar dags. 8. ágúst 2022.

(12) Alls bárust FST athugasemdir frá þinglýstum eigendum 12 jarða/lögbýla á því landsvæði sem ákvörðun þessi tekur til. Í sumum tilfellum er um að ræða athugasemdir frá hluta af þinglýstum eigendum tiltekinna jarða/lögbýla. Þeir landeigendur sem gert hafa athugasemdir eru tilgreindir í töflunni hér að neðan:

[Tafla]<sup>3</sup>

(13) Almennt má segja að svör landeigenda eigi það sammerkt að kvartað sé undan samráðsleysi af hálfu Ljósleiðarans við þá um framkvæmdina. Uppdráttur af lagnaleiðinni hafi verið óskýr og ónákvæmur. Samningskilmálar sem fylgdu bréfi Ljósleiðarans hafi verið einhliða í þágu Ljósleiðarans, en verið íþyngjandi fyrir þá. Samantekið og samandregið upp úr athugasemdum allra landeigenda komu jafnframt fram sjónarmið um eftirfarandi:

- Leigugjöld eigi að koma fyrir afnot af landi,
- Bætur eigi að koma fyrir rask á landi,
- Bæta þurfi fyrir dýrar tryggingar sem landeigendur þurfa að kaupa vegna mögulegra skemmda eða rofs sem þeir geti óvart valdið á Ljósleiðarstrengnum,
- Lögbundin takmörkun á eignarrétti vegna lagningu fjarskiptastrengja var hugsuð í þágu almannahagsmuna, sem væru á forræði hins opinbera, en ekki vegna hagsmuna einkarekinna fyrirtækja,
- Landeigandi ætti að fá hlutdeild í söluandverði Ljósleiðarstrengsins ef hann yrði síðar seldur, jafnvel til erlendra aðila,
- Lagning strengsins myndi hamla framtíðarlandnýtingu á lagnaleiðinni, s.s. vegna jarðræktar, skógræktar, vegalagningar og efnistöku,
- Val á lagnaleið og settar fram tillögur um breytingar á henni,
- Lagning ljósleiðara væri óþörf með nýrri 5G tækni.

(14) FST hefur farið yfir sjónarmið landeigenda í þeim athugasemdum sem bárust stofnuninni þótt þau séu ekki sérstaklega tilgreind hér að ofan. Er ákvörðun þessi tekin að teknu tilliti til allra athugasemda sem bárust frá málsaðilum.

## 2.3. Afstaða Vegagerðarinnar

---

<sup>3</sup> Þess má geta að taflan um þá landeigendur sem skiluðu inn athugasemdum er ekki ætluð til opinberrar birtingar.

(15) Hluti lagnaleiðarinnar liggur í veghelgunarsvæði Ásvegur (nr. 2995) sem er á forræði Vegagerðarinnar. Vegagerðinni var því sömuleiðis gefið tækifæri á að gera athugasemdir við fram komið erindi Ljósleiðarans og telst stofnunin til aðila málsins.

(16) Í svar Vegagerðarinnar sem barst FST í tölvupósti frá 1. september 2022 kom fram að þar sem Vegagerðin hefði fyrir sitt leyti þegar heimilað Ljósleiðaranum að leggja ljósleiðarastrenginn væri ekki tilefni fyrir stofnunina að gera athugasemdir í þessu máli sem snéri eingöngu að viðkomandi landeigendum.

#### **2.4. Vettvangsathugun Fjarskiptastofu**

(17) Þann 21. September 2022 fóru starfsmenn FST í vettvangsferð í Þykkvabæ til að skoða aðstæður, landslag og ummerki á lagnaleiðinni. Við þá skoðun var stuðst við GPS hnitsetningar og lagnaleiðin ekin eftir vegslóða niður að fjöru og gengin að hluta í fjörukambi Rangárssands. Notast var við GPS hnitsetningartæki til að stika réttu leið.

(18) Tilgangur ferðarinnar var m.a. að taka myndir á nokkrum stöðum á lagnaleiðinni og taka upp myndband úr lofti af lagnaleiðinni með þar til gerðu flygildi (dróna). Með þessu var það ætlun FST að vera betur í stakk búin til að meta hvort lagnaleiðin lægi að óþörfu um ræktað land, hvort verið væri að raska ósnortnu landi eða hvort girðingar eða önnur mannvirki gætu haft áhrif á ákvörðun um val á lagnaleið. Það var m.a. byggt á þessari gagnaöflun í niðurstöðu FST til álitaefnis um skerðingu á möguleikum til landnýtingar, sbr. kafla 3.4.3. hér á eftir. Finna má yfirlit mynda ásamt upplýsingum hvar þær eru teknar í viðauka nr. 5 við ákvörðun þessa.

### **III.**

#### **Forsendur og niðurstaða**

##### **3.1. Afmörkun máls og lagaskil**

(19) Mál þetta varðar ágreining Ljósleiðarans við tiltekna landeigendur í Þykkvabænum um kröfu félagsins til aðgangs að landi þeirra vegna lagningu ljósleiðarastrengs á grundvelli 69. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003. Andlag aðgangskröfunnar er landsvæði innan eignarlanda í Þykkvabænum í sveitarfélaginu Rangárþingi ytra sem sýndur er á uppdraetti og tilgreindur með GPS hnitsetningum í viðauka 1. og 2. við ákvörðun þessa.

(20) FST tekur ekki afstöðu til vals Ljósleiðarans á lagnaleið, en stofnunin metur þó hvort að viðhlítandi samráð við landeigendur hafi verið haft um hana og hvort framkvæmdin hafi í för með rask á landi eða lagnaleiðin sé til þess fallin að skerða nýtingarmöguleika landsins sem fjarskiptastrengurinn liggur um.

(21) Þá er ákvörðun þessi óháð eignarhaldi á þeim jörðum (lögbýlum) sem ljósleiðarstrengurinn liggur um, þ.e. ekki skiptir máli hvort að tiltekin landareign sé séreign ákveðinna aðila eða í óskiptri sameign margra aðila á landsvæðinu. Ef mögulega er uppi ágreiningur um eignarhald á landareignum eða landamerki milli einstakra eignarlanda að þá er hann óviðkomandi máli þessu.

(22) Í erindi Ljósleiðarans er vikið að stjórnsýslulegu hlutverki sveitarfélaga við útgáfu framkvæmdarleyfa við lagningu fjarskiptastrengja (ljósleiðara) í jörðu. Það er ekki á valdsviði FST að taka afstöðu til þess hvort að lagning ljósleiðarastrengs, sem mál þetta tekur til, sé háð

útgáfu framkvæmdarleyfis sveitarfélagsins Rangárbings ytra samkvæmt 13. gr. skipulagslaga. Þá tekur FST ekki afstöðu til þess hvort lagning ljósleiðarastrengsins eða ákvörðun um lagnaleið hans sé í samræmi við framkvæmdaleyfi sem gefin hafa verið út eða verða gefin út vegna þessarar framkvæmdar.

(23) Samkvæmt gögnum þessa máls hefur Ljósleiðarinn þegar lagt ljósleiðarastreng sem þverar bæði Þjórsá og Hólsá. Sú lagnaleið var ekki tilgreind á þeim uppdrætti sem sendur var landeigendum til kynningar og er ekki hluti af þeirri kröfu sem Ljósleiðarinn krefst viðurkenningar um í máli þessu. Úrlausn þessa máls tekur því ekki til ljósleiðarastrengs sem Ljósleiðarinn hefur þegar lagt yfir árnar og ætlunin er að muni tengjast við streng sem á liggja í gegnum Þykkvabæ.

(24) Lög um fjarskipti nr. 81/2003 eru nú úr gildi fallin og ný lög um fjarskipti nr. 70/2022 hafa tekið gildi frá 1. september s.l. Þar sem erindi Ljósleiðarans barst Fjarskiptastofu í gildistíð eldri fjarskiptalaga fer um úrlausn málsins samkvæmt eldri lögum.

## **3.2. Lagaumhverfi**

### *3.2.1. Hlutverk Fjarskiptastofu*

(25) Samkvæmt a.-lið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu annast stofnunin stjórnýslu og framkvæmd á fjarskiptalögum. Leysir stofnunin úr ágreiningi aðila um túlkun og beitingu fjarskiptalaga.

(26) Samkvæmt 1. Mgr. 3. Gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu skal stofnunin með starfsemi sinni stuðla að aðgengilegum, greiðum, hagkvæmum, skilvirkum og öruggum fjarskiptum. Stofnunin skal gæta að byggðasjónarmiðum og umhverfissjónarmiðum í starfsemi sinni. Þá er þess getið í 1. Mgr. 12. Gr. laganna að Fjarskiptastofa skuli stuðla að framförum á fjarskiptamarkaði, m.a. með því að greiða fyrir hagkvæmri uppbyggingu fjarskipta sem byggð er á samnýtingu eða samstarfi, að teknu tilliti til samkeppnissjónarmiða.

### *3.2.2 Ákvæði fjarskiptalaga um aðgang að landi*

(27) Ákvæði í fjarskiptalögum um aðgang að landi og mannvirkjum til lagningar á fjarskiptastrengjum á sér langa sögu hér á landi. Ákvæðið kom fyrst inn í fjarskiptalög með lögum nr. 12/1905 um ritsíma, talsíma o.fl. þann 20. október 1905. Sögulegur og samfélagslegur aðdragandi þess var lagning sæstrengs frá Danmörku til Íslands með viðkomu í Færeyjum. Var sæstrengurinn tekinn í land á Seyðisfirði þann 23. ágúst 1906. Til undirbúnings þess að virkja þessa fjarskiptatengingu var hafist handa við að leggja jarðsímastreng milli Reykjavíkur og Seyðisfjarðar, en sú ráðstöfun sætti mikilli andstöðu þeirra sem töldu hagkvæmara að tryggja fjarskiptasamband Íslands við umheiminn með öðrum leiðum, þ.e. með uppsetningu loftskæptakerfis.<sup>4</sup> Ætla má að þessi andstaða við ritsímamann hafi orðið til þess að löggjafinn hafi á sínum tíma talið nauðsynlegt að tryggja aðgang að landi til lagningar á jarðsímastreng vegna þessarar framkvæmdar.

(28) Umrætt lagaákvæði, um aðgang að landi og mannvirkjum vegna lagningu á jarðstrengjum fjarskipta hefur, í lítt breyttu formi, verið hluti af fjarskiptalögum allar götur síðan, nú síðast í

---

<sup>4</sup> Þann 1. ágúst 1905 efndu bændur, einkum af Suðurlandi og úr Borgarfirði, til hópreiðar til Reykjavíkur í þeim tilgangi að mótmæla ritsímanum. Sjá t.d. umfjöllun um þetta í sagnfræðiritinu „Saga Íslands í aldanna rás“ (1900-1950) eftir Illuga Jökulsson, JPV forlag, útg. árið 2000 (bls. 43).

34. gr. í nýsamþykktum lögum um fjarskipti nr. 70/2022. Í brottföllnum lögum um fjarskipti nr. 81/2003 var ákvæðið staðsett í 69. gr. laganna og orðaðist svo:

*„Nú er fjarskiptafyrirtæki nauðsynlegt að leggja leiðslur fjarskiptavirkja um land annars manns, yfir það eða í jörðu, yfir hús eða önnur mannvirki á landinu, á þeim, gegnum þau eða undir þeim, og er eiganda viðkomandi fasteignar þá skylt að heimila slíkt, enda komi fullar bætur fyrir. Hafa skal samráð við eigendur eða umráðamenn slíkra fasteigna og mannvirkja um hvar leiðslur eru lagðar og skal þess gætt að sem minnst sé raskað hagsmunum eigandans. Starfsmenn við fjarskiptavirki skulu gæta þess að valda eigendum og íbúum ekki meiri óþægindum en brýnustu nauðsyn ber til.*

*Nú verður tjón á landi manna, mannvirkjum eða öðrum eignum við lagningu fjarskiptavirkja eða viðhald þeirra, og ekki verður úr bætt, eða lagning fjarskiptavirkja leiðir til takmörkunar á afnotamöguleikum viðkomandi eignar, og skal eigandi fjarskiptavirkis þá bæta tjónið. Náist ekki samkomulag um bótafjárhæð skal um ákvörðun bóta fara að lögum um framkvæmd eignarnáms.“*

(29) Ekki þykir efni til þess að gera grein fyrir þeim orðalagsbreytingum sem orðið hafa á upphaflegu lagaákvæði og þess ákvæðis sem reynir á í þessu máli. Nægir að nefna að eldra ákvæðið hafi verið orðað með atviksbundnum hætti á meðan lagaákvæðið, sem á reynir í þessu máli, sé nú orðað með almennari hætti í samræmi við nútíma hefðir við lagasetningu. Í ljósi þess að ekki er um ræða efnislegar breytingar á inntaki ákvæðisins þykir vera tækt að styðjast við þær skýringar sem fylgdu hinni upphaflegu lagasetningu um atriði sem enn eru til staðar í gildandi löggjöf.

### 3.2.3. Evrópsk fjarskiptalöggjöf

(30) Reglur um aðgang að landi eða það sem kallað er *athafnarréttur* fjarskiptafyrirtækja (e. rights of way) er einnig að finna í fjarskiptaregluverki Evrópusambandsins, sbr. ákvæði 43. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og Ráðsins nr. 2018/1972/EU.<sup>5</sup> Ákvæðið er þó með öðru sniði en í íslenskri fjarskiptalöggjöf, en 1. mgr. þess er orðað með svofelldum hætti:

*„1. Aðildarríkin skulu tryggja að ef lögbært yfirvald hefur til meðferðar umsókn um veitingu réttar til að:*

— *að setja upp aðstöðu á, yfir eða undir eignum í eigu hins opinbera eða í einkaeign til fyrirtækis sem hefur heimild til að bjóða fram almenn, rafræn fjarskiptanet, eða*

— *setja upp aðstöðu á, yfir eða undir eignum í eigu hins opinbera til fyrirtækis sem hefur heimild til að bjóða fram rafræn fjarskiptanet til annarra en almennings,*

*skuli lögbæra yfirvaldið:*

a) *bregðast við á grundvelli einfaldrar, skilvirkrar og gagnsærrar málsmeðferðar sem er öllum aðgengileg, og beitt án mismununar og án tafar, og tekur í öllum tilvikum ákvörðun innan sex mánaða frá umsókn, nema ef um er að ræða eignarnám, og*

<sup>5</sup> <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/HTML/?uri=CELEX:32018L1972&from=EN>

b) *fylgja meginreglunum um gagnsæi og banni við mismunun þegar þau binda slíkan rétt skilyrðum.*  
*Málsmeðferðarreglurnar sem um getur í a- og b-lið, geta verið mismunandi eftir því hvort umsækjandinn er að bjóða fram almennt, rafrænt fjarskiptanet eða ekki.“*

(31) Eins og ráða má orðalagi ákvæðisins tekur aðgangsréttur fjarskiptafyrirtækja bæði til lands sem er í eigu hins opinberra svo og einkaaðila. Gert er ráð fyrir því að það sé lagt í hendur tiltekins stjórnvalds, t.d. fjarskiptaeftirlitsstjórnvalds, að veita leyfi fyrir umbeðinn aðgang fjarskiptafyrirtækja að landi samkvæmt gagnsæju ferli og á jafnræðisgrundvelli. Getur stjórnvaldið sett skilyrði fyrir aðganginum sem skulu þá vera gagnsæ og án mismunar. Ekki er sérstaklega kveðið á um rétt landeiganda til bóta eða leigugjalda fyrir slíkan aðgang. Vætanlega kemur þetta ákvæði tilskipunarinnar þó ekki í veg fyrir að aðildarríki EES-svæðisins innleiði ákvæðið í landsrétt á þann veg að stjórnvaldið sem veitir leyfið geti ákveðið að bætur eða endurgjald skuli koma fyrir aðganginn.

(32) Í íslenskum fjarskiptalögum er ekki farin sú leið að mæla fyrir um leyfisveitingarferli fyrir aðgang fjarskiptafyrirtækja að landi til að leggja fjarskiptastrengi, heldur gert ráð fyrir að aðgangsrétturinn sé virkjaður í beinum samskiptum milli fjarskiptafyrirtækja og viðkomandi landeigenda, einkum hvað varðar samráð við val á lagnaleið og um bætur fyrir jarðrask, ef svo ber undir.

(33) Í Evróputilskipunni er lagt upp úr því að ferli við útgáfu leyfa fyrir aðgang að landi skuli vera einfalt og skilvirkt og að afgreiðsla leyfa skuli fara fram án ástæðulausra tafa. Í 104 gr. formálsorða tilskipunarinnar er vikið að þeim hagsmunum sem eru í húfi varðandi skilvirkt leyfisveitingaferli:

„Leyfi gefin út til veitenda rafrænna fjarskiptaneta og -þjónustu sem veita aðgang að eignum í almenningseigu eða einkaeigu, eru mikilvægur þáttur í uppbyggingu rafrænna fjarskiptaneta og nýrra netþátta. Óþarflega flókið ferli og tafir á málsmeðferð á veitingu athafnaréttar getur því haft í för með sér mikilvægar hindranir á þróun samkeppni. Af þessum sökum skal einfalda öflun athafnaréttar fyrir fyrirtæki sem njóta heimildar. Lögbær yfirvöld ættu að samræma öflun athafnaréttar, og gera viðkomandi upplýsingar aðgengilegar á vefsetrum sínum.“

(34) Þótt ákvæði íslenskra fjarskiptalaga byggji ekki á leyfisveitingaferli, eins og ákvæðið í Evróputilskipunni, verður að leggja til grundvallar að skilgreindir hagsmunir sem búa að baki ákvæðunum séu þeir sömu, þ.e. að aðgangur að landi sé mikilvægur þáttur í uppbyggingu rafrænna fjarskiptaneta og nýrra netþátta, auk þess sem óþarflega flókið ferli og tafir á málsmeðferð um aðgang að landi geti haft í för með sér skaðlegar hindranir á þróun samkeppni á fjarskiptamarkaði.

### **3.3. Almenn takmörkun á eignarrétti**

(35) Að áliti FST felur 69. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 í sér takmörkun á stjórnarskrárvörðun eignarrétti. Slík ákvæði eru algeng í lögum og þurfa þau að styðjast við málefnalegar forsendur og skilgreinda þörf fyrir því að setja eignarréttindum ákveðnar skorður. FST hefur í fyrri ákvörðun sinni fjallað um eðli 69. gr. fjarskiptalaga hvað þetta varðar, sbr.

ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar frá 6. febrúar 2006 í hinu s.k. Selskarðsmáli. Þykir fara best á því að vísa orðrétt til þeirrar umfjöllunar:

„Eignarréttur hefur verið skilgreindur sem einkaréttur eigandans til að ráða yfir tilteknum líkamlegum hlut innan þeirra marka sem þessum rétti eru sett í lögum og af takmörkuðum eignarréttindum, t.d. afnotarétti annarra aðila sem stofnað hefur verið yfir hlutnum. Í eignarrétti felst því að eigandi hlutar má hagnýta sér hlut og ráðstafa honum innan þeirra marka sem lög og réttindi annarra leyfa.

Samkvæmt 72. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 er eignarrétturinn friðhelgur. Unnt er þó að skylda menn til þess að láta af hendi eign sína, ef almenningsþörf krefur, fyrir því sé lagaheimild og fullt verð komi fyrir þá eign sem tekin er eignarnámi. Þrátt fyrir orðalag 72. gr. stjórnarskrárinnar getur löggjafinn heimilað ýmiss konar takmarkanir á eignarrétti og eignarskerðingar sem ekki verða taldar eignarnám, án þess að til nokkurra bóta komi. Slík lagaákvæði hafa verið nefnd *almennar takmarkanir eignarréttar*.

Það sem einkennir löggjöf sem hefur að geyma ákvæði um eignarnám og/eða ákvæði um almennar takmarkanir á eignarrétti er að löggjafinn hefur metið það svo að tiltekin almenningsþörf krefjist slíkrar íhlutunar í eignarrétt borgaranna. Í þessu felst að tiltekin starfsemi eða aðstaða er talin svo mikilvæg að réttlætanlegt sé að svipta menn eignum sínum eða að láta þá þola takmarkanir eða skerðingar á eignum vegna hennar. Allvíða er heimilað í íslenskum lögum að leggja takmarkanir á eignarrétt manna til þess að náð verði markmiðum er varða tiltekna almannapörf. Getur það bæði tekið til yfirfærslu allra heimilda sem felast í eignarréttindum eða einungis eignaskerðingar, þ.e. takmarkað eignarnám.

Lagaákvæði sem kveða á um almennar takmarkanir eignarréttar fela í sér að eigendur verða að þola slíkar takmarkanir eða skerðingar á eignum sínum bótalaust. Það sem einkum skilur á milli eignarnáms og slíkra almennra takmarkana er það hvort um er að ræða afsal eignarréttar (eignarnám) eða almennar takmarkanir á umráða-, afnota- eða ráðstöfunarrétti eiganda (takmarkað eignarnám). Ef aðeins er um að ræða takmarkanir á umráðum, afnotum eða ráðstöfunarrétti, án þess að eigandi sé beinlínis sviptur beinum eða óbeinum eignarráðum, og þær takmarkanir byggjast á almennum efnislegum ástæðum og taka til allra eigna af tilteknu tagi, en eru ekki aðeins lagðar á fáa eigendur af handahófi, eru þær leyfilegar án bóta og verða ekki taldar eignarnám. Sem dæmi slíkra umráðatakmarkana má nefna ákvæði ýmissa friðunarlaga, náttúruverndarlaga, skipulags- og byggingarlaga og vegalaga.“

(36) Tilvitnuð ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar var staðfest af úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála í kærumáli nr. 6/2006.<sup>6</sup>

### 3.4. Aðgangur Ljósleiðarans að landi í Þykkvabæ og framkvæmd samráðs

<sup>6</sup> <https://www.fjarskiptastofa.is/library/?itemid=b3ea785c-40bd-4412-a77c-19f4eb2426da>



(37) Að álitni FST er orðalag 1. mgr. 69. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 skýrt og afdráttarlaust. Sé byggt á meginreglunni um almenna lögskýringu við túlkun ákvæðisins og merking þess fyrst og fremst látin ráðast af orðalagi ákvæðisins er ljóst að Ljósleiðarinn á rétt til aðgangs að landi í Þykkvabænum til að leggja fjarskiptastreng. Í ákvæðinu segir berum orðum að eiganda viðkomandi fasteignar sé skylt að heimila aðgang í þessum tilgangi, enda komi fullar bætur fyrir. Fjallað verður um bætur í kafla 3.4.2.

(38) Framangreindur lagaskilningur er jafnframt í samræmi við það lögbundna markmið sem Fjarskiptastofu ber að stefna að með starfsemi sinni, þ.e. að stuðla að framförum á fjarskiptamarkaði, m.a. með því að greiða fyrir hagkvæmri uppbyggingu fjarskiptaneta, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu. Aðgangur fjarskiptafyrirtækja að landi til útbreiðslu á næstu kynslóð háhraðaneta er til þess fallinn að auka aðgang notenda að háhraða fjarskiptabjónustu og er mikilvægur fyrir samkeppni á fjarskiptamarkaði, eins og rakið var í formálsorðum fjarskiptatilskipunar Evrópusambandsins.

(39) Samkvæmt framangreindu á Ljósleiðarinn rétt til aðgangs að landi í Þykkvabænum til að leggja ljósleiðarstreng. Það eru þó ákveðnir þættir ákvæðis 69. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 og framkvæmdar Ljósleiðarans á aðgangsbeiðninni gagnvart landeigendum sem þarfnast nánari skoðunar.

#### 3.4.1. Samráð Ljósleiðarans við landeigendur um val á lagnaleið

(40) Það er gert að skilyrði fyrir rétti fjarskiptafyrirtækja til aðgangs að landi til að leggja fjarskiptastrengi að þau viðhafi samráð við landeigendur um val á lagnaleið. Við val á lagnaleið koma til skoðunar nokkur meginsjónarmið. Í fyrsta lagi skal lagnaleiðin vera eins hagkvæm og kostur er, þ.e. valin er beinasta og stysta leið og ekki lagðar lykkjur til lengingar á lagnaleiðinni nema að þörf sé á. Í öðru lagi þarf lagnaleiðin að taka mið af öryggi fjarskiptastrengsins og góðs aðgengis að honum vegna mögulegs viðhalds. Í þriðja lagi ber að forðast, eins og kostur er, að lagnaleiðin skerði möguleika landeigenda til nýtingar á landi sem fjarskiptastrengurinn fer um. Fjarskiptafyrirtækjum ber að horfa til réttmætra hagsmuna landeigenda þar að lútandi, sbr. orðalag 1. mgr. 69. gr. fjarskiptalaga um að fjarskiptafyrirtæki skuli gæta að sem minnst sé raskað hagsmunum eigandans. Að lokum ber ávallt að horfa til umhverfissjónarmiða og gæta þess að val á lagnaleið leiði af sér sem allra minnst umhverfisspjöll.

(41) Í 1. mgr. 69. gr. fjarskiptalaga er hvorki útfært hvernig skuli standa að framkvæmd samráðs fjarskiptafyrirtækja við landeigendur um val á lagnaleið né sett fram leiðbeinandi sjónarmið þar að lútandi. Þannig má ætla að samráðið geti verið með ýmsu móti, að því gefnu að landeigendur fái nægjanlegar upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd og að fjarskiptafyrirtæki leggi fram frekari gögn og/eða skýringar ef eftir því er leitað. FST telur að slíkt samráð geti farið fram á opnum íbúafundi með landeigendum þar sem fyrirhuguð framkvæmd er kynnt og fyrirsvarmenn svara spurningum. Hins vegar verður ekki hjá því komist að gefa hverjum og einum landeiganda sannanlegt tækifæri til að koma með ábendingar varðandi val á fyrirhugaðri lagnaleið. Slíkt mætti gera með því að fulltrúar fjarskiptafyrirtækis fundi með hverjum og einum landeiganda til að fara yfir viðeigandi gögn eða með því að senda þeim gögnin ásamt upplýsingabréfi.

(42) Samkvæmt gögnum málsins sendi Ljósleiðarinn upplýsingabréf í ábyrgðarpósti, dags. 24. Júní 2022, um fyrirhugaða framkvæmd, ásamt uppdrætti að fyrirhugaðri lagnaleið, til allra

þinglýstra landeigenda á lagnaleiðinni. Þessu bréfi var fylgt eftir með öðru bréfi Ljósleiðarans, dags. 6. Júlí 2022, þar sem landeigendur voru upplýstir um þá afstöðu félagsins að ef engin viðbrögð bærust frá landeigendum fyrir tiltekinn frest yrði litið svo á að þeir gerðu ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd. Á fyrri stigum og í kjölfar þessara bréfa bárust Ljósleiðaranum athugasemdir frá tilteknum landeigendum og fylgdu þær erindi félagsins til FST.

(43) Í athugasemdum frá landeigendum kemur fram óánægja með framkvæmd Ljósleiðarans á samráði við þá um val á lagnaleið. FST tekur undir að Ljósleiðarinn hefði átt að gera betur og það eru þættir í framkvæmd samráðsins sem fela í sér hnökra eða standast ekki skoðun, sbr. málsgrein nr. 45 og umfjöllun í kafla 3.4.4. Hins vegar og í ljósi þess að í 1. mgr. 69. gr. fjarskiptalaga er ekki að finna kröfur um hvernig haga eigi samráði fjarskiptafyrirtækja við landeigendur um val á lagnaleið telur FST að framkvæmd samráðsins af hálfu Ljósleiðarans standist skilyrði laga. Orðalag ákvæðisins verður ekki skilið á þann hátt, eins og ráða má af sumum athugasemdum landeigenda, að í samráðsskyldunni felist krafa til þess að fjarskiptafyrirtæki gangi til samningaviðræðna við þá um val lagnaleið. Slíkt gæti tafið mikilvæga uppbyggingu fjarskiptainnviða úr hófi og jafnvel í nokkur ár ef ekki nást samningar.

(44) Þá getur FST ekki fallist á að uppdráttur af lagnaleiðinni hafi verið svo ónákvæmur að landeigendur hafi ekki átt þess kost að gæta hagsmuna sinna. Þótt að uppdrátturinn þysji ekki inn á nákvæma legu strengsins sýnir hann með nægilega mikilli nákvæmni hvar ætlunin er að leggja fyrirhugaðan streng, t.d. sýnir uppdrátturinn hvar strengurinn liggur frá vestri í vegstæði Ásvegar (nr. 2995) og hvar hann tekur sveig til suðurs meðfram vegslóða í landi Háfshóls sem liggur niður í fjöru, en þar er ætlunin strengurinn liggja til austurs meðfram gróðurlínu í fjörukambi í Rangársandi. FST telur að þessar upplýsingar hafi verið nægilegar til að landeigendur hafi getað gert sér grein fyrir hvaða áhrif lagnaleiðin myndi hafa í för með sér, ef einhverjar, m.a. með tilliti til landnýtingar.

(45) Við meðferð þessa stjórnarsýslumáls barst FST athugasemd frá landeigenda um að uppdrátturinn sem fylgdi bréfi stofnunarinnar til landeigenda væri ekki í samræmi við þann uppdrátt sem landeigendum var kynntur í samráði Ljósleiðarans. Eftir athugun FST á þessu er ljóst að athugasemd landeigandans á við rök að styðjast. Fólst breytingin í því að ætlun Ljósleiðarans væri að taka sveig á lagnaleiðinni til suðurs fyrr en ráðgert var svo hægt væri að fylgja vegslóða í landi Háfshóls niður að fjöru. Þetta væri gert til að forðast að leggja strenginn yfir land sem er óraskað og mögulega mætti nota til jarðræktar. Telur Ljósleiðarinn að um sé að ræða minniháttar breytingar sem almennt séu til bóta fyrir bæði félagið og landeigendur. FST þykir gagnrýniverð að Ljósleiðarinn hafi gert breytingar á lagnaleiðinni frá því að samráðið við landeigendur fór fram. Það er á hinn bóginn álit FST að umræddir hnökrar á samráðinu séu ekki svo miklir eða þess eðlis að þeir ónýti samráðsferlið og kalli á nýtt.

(46) Í sumum athugasemdum landeigenda komu fram sjónarmið um val á lagnaleið og dýpi strengsins, auk tillagna að breyttri lagnaleið. FST taldi mikilvægt að Ljósleiðarinn tæki rökstudda afstöðu til þessara atriða og lagði fyrir félagið að fjalla um þau sérstaklega lið fyrir lið. Í viðauka nr. 4. Við ákvörðunina er að finna töflu sem gerir grein fyrir athugasemdum/tillögum landeigenda við val á lagnaleið og rökstudda afstöðu Ljósleiðarans til þeirra. Það er álit FST að kominn sé fram fullnægjandi rökstuðningur frá Ljósleiðaranum fyrir

vali á lagnaleið sem og fyrirhugaða jarðvegisdýpt strengsins og að ekki séu forsendur fyrir FST til að hnekkja mati félagsins hvað þetta varðar.

### 3.4.2. Tjón og/eða rask á landi og réttur til bóta

(47) Fram komu sjónarmið frá landeigendum um að framkvæmdin leiði af sér rask á landi sem rétt sé að bætur komi fyrir. Rask á landi við lagningu fjarskiptastrengja getur verið misunandi annars vegar eftir umhverfi og landslagi og hins vegar eftir því hvaða aðferð notuð er við lagningu strengja eða röra. Þannig má búast við raski sem kallar á kostnað við að bæta úr, t.d. þegar rjúfa þarf malbik eða hellulagnir, eða afleiðingarnar eru varanlegar eða sýnilegar með einhverjum hætti, t.d. ef höggva þarf skörð í klappir eða þess háttar.

(48) Þar sem að jarðvegur er þess eðlis að hann er aðallega úr mold, sandi eða möl gefur það færi á að plægja fjarskiptastrengi eða rör beint í jörðu án þess að um hefðbundinn skurðgröft sé að ræða. Plægja má fjarskiptastrengi eða rör með annað hvort jarðýtu eða skurðgröfu, en algengara er að nota til þess jarðýtu með áföstum plóg. Kefli, með streng eða röri, eru fest á jarðýtu eða skurðgröfu ásamt varúðarborða. Þetta er svo þrætt ofan í rennu sem liggur ofan í plóginn. Plógurinn er með víbrandi blað sem er notað til að rista fína råk í jarðveginn sem lokast að mestu að sjálfu sér þegar rör eða fjarskiptastrengur hefur verið plægður ofan í jörðina á því dýpi sem plógurinn er stilltur á. Þessi framkvæmd er fljótleg og með lágmarks raski fyrir umhverfið. Þá er eftirvinnan einnig í lágmarki en á eftir jarðýtunni fer yfirleitt lítil skurðgrafa sem lokar plógsárinu og því raski sem mögulega getur myndast.

(49) Samkvæmt upplýsingum frá Ljósleiðaranum er ætlunin að plægja ljósleiðarastrenginn á allri þeirri lagnaleið sem er andlag ákvörðunar þessarar. Eiginleikar jarðvegs á svæðinu eru þess eðlis að þeir falla vel að þessari aðferð við að leggja ljósleiðarastreng, t.d. liggur stór hluti lagnaleiðarinnar meðfram gróðurlínu í fjörkambi í Rangársandi. Reynsla af plægingu í samskonar jarðvegi, þ.e. í sandi og/eða melgresi, hefur leitt í ljós að ummerki eru fljót að hverfa eða einungis á örfáum dögum við bestu aðstæður. Verður því að leggja til grundvallar að framkvæmdin valdi ekki óafturkræfu jarðraski á því landi sem ljósleiðarastrengurinn fer um.

(50) Í 69. gr. fjarskiptalaga er ekki gert ráð fyrir því að fjarskiptafyrirtæki greiði bætur eða gjöld til landeigenda fyrir aðgang að landi til að leggja fjarskiptastrengi, nema að framkvæmdin valdi jarðraski sem ekki er hægt að bæta úr án þess að kostnaður falli til. Hefur þetta verið inntak lagaákvæðis um aðgang að landi til lagningar fjarskiptastrengja frá því að ákvæðið var fyrst sett í lög. Í skýringum við 9. gr. nr. 12/1905 um ritsíma, talsíma o.fl. segir eftirfarandi:

„Þau ráð yfir eignum manna, sem leyfð eru í þessari grein að því er snertir lagningu síma, eru svo vaxin, að eigendur eða notendur landsins eða mannvirkjanna, sem símarnir liggja um eða á, munu naumast líða nokkurn skaða eða бага af þeim, og verða skaðabætur því venjulega ekki heimtaðar, [...]. En hljótist hins vegar skaði, sem vel getur fyrir komið, t.d. af átroðningi á ræktuðu landi við lagning, eða við aðgjörðir á sínum, eða sje efni til þeirra tekið eiganda til skaða, verður að sjálfsgöðu að bæta það [...].“

(51) Það var því mat löggjafans á sínum tíma að ekki þyrfti að bæta landeigendum fyrir minniháttar rask á landi vegna lagningu fjarskiptastrengja. Þetta mat löggjafans er óbreytt. Þá verður að hafa í huga að á þeim tíma sem ákvæðið var upphaflega lögfest þyrfti að grafa skurði

til að leggja fjarskiptastrengi. Skurðir með fjarskiptastrengjum sem búið var að moka yfir voru þannig almennt ekki taldir fela í sér rask eða skaða á landi. Með tækni nútímans, þ.e. plægingu strengja eða röra í jörðu, þarf ekki endilega að grafa eiginlegan skurð við lagningu fjarskiptastrengja og röra, eins og á við um framkvæmdina sem mál þetta varðar, sbr. lýsingu í málsgrein nr. 48. Með þeirri aðferð verður að telja að tilefni til bóta fyrir jarðrask sé enn minna heldur en áður var.

(52) Samkvæmt framangreindu er það álit FST að Ljósleiðaranum sé ekki skylt að greiða landeigendum bætur fyrir jarðrask á þeirri lagnaleið sem ákvörðun þessi tekur til.

#### *3.4.3. Skertir möguleikar til landnýtingar*

(53) Þegar metin er skerðing á möguleikum til landnýtingar er það núverandi landnýting eða fyrirhuguð landnýting, sem ákveðin hefur verið með bindandi hætti, sem kemur til skoðunar. Því er ekki hægt að leggja til grundvallar hugmyndir um fyrirhugaða landnýtingu sem eru ómótaðar og óvíst hvort að komist til framkvæmda. Þá getur metin fyrirhuguð landnýting ekki byggt á skilyrðum sem eiga eftir að raungerast á seinni stigum, s.s. að landnýting sé háð þeirri forsendu að viðeigandi leyfi fáið frá skipulagsyfirdum.

(54) Fyrirhuguð landnýting þarf því að styðjast við gögn sem renna stoðum undir það að raunverulegir hagsmunir séu í húfi, en þetta geta t.d. verið gögn á borð við útgefið framkvæmdaleyfi, umhverfismat, heimild í deiliskipulagi, samningar um fjármögnun framkvæmda, samþykktar teikningar og hönnunarforsendur o.s.frv. allt eftir eðli máls.

(55) Í athugasemdum landeigenda var bent á tiltekna landnýtingu sem gæti farið forgörðum vegna lagningu ljósleiðarastrengsins og/eða landkosta sem gætu skaðast vegna framkvæmdarinnar. Þykir vera rétt að skoða þessi atriði nánar.

#### 3.4.3.1. Jarðrækt og stækkun lands

(56) Land í Þykkvabæ er tilvalið eða jafnvel kjörlandi fyrir jarðrækt. Í sveitinni fer fram umfangsmikil kartöflurækt. Ræktarlönd liggja m.a. sunnan við Ásveg niður að fjöru í suðri. Samkvæmt uppdrætti af lagnaleiðinni er ætlunin að strengurinn muni beinlínis liggja í vegstæði vegarins og meðfram vegslóða niður að fjöru. Með því er ekki verið að raska ræktarlandi. Þegar strengurinn er kominn niður að fjöru er ætlunin að láta hann þræða fjörukambinn við gróðurlínu sem liggur nokkuð sunnar en sem nemur mörkum ræktarlandanna í suðri.

(57) FST fær því ekki séð að lega ljósleiðarans meðfram fjörukambinum skerði ræktarland landeigenda miðað við núverandi aðstæður. Reyndar kom fram ábending frá landeiganda að ætlunin væri að skipta sameignarlandinu sem liggur að fjörunni að hluta til og færa girðinguna talsvert sunnar. Ekki væri hægt að hafa stikur og brunna á miðju túni.

(58) Nú eru þessi áform um skiptingu lands ekki í hendi og ekki útfært hvernig hluta landsins verði skipt og hversu mikið eignarlönd munu stækka til suðurs ef landeigendur sameignarinnar ná saman um skiptingu. Reyndar hefur umrætt landsvæði að mestu verið í óskiptri sameign til margra áratuga. Verður því að líta svo á að um sé að ræða skilyrta forsendu sem óljóst er hvort reyna muni á. Er því ekki hægt að taka tilliti þessa möguleika á landnýtingu þegar metin

eru skerðingaráhrif ljósleiðarastrengsins. Er því ekki hægt að hindra lagningu ljósleiðarstrengsins á þessum stað á grundvelli þessarar mögulegu landnýtingar síðar meir.

(59) Komi hins vegar til þess að landeigendur komist að samkomulagi um skiptingu lands og að strengurinn fari undir ræktarland í framtíðinni mun lega hans ekki koma í veg fyrir að bændur eigi rétt til að nýta land sitt til jarðræktar. Má þá ætla að samtal myndi eiga sér stað milli viðkomandi landeigenda og rekstraraðila strengsins hvort nauðsynlegt sé að gera tilteknar ráðstafanir, t.d. að sá síðar nefndi dýpki lagnaleiðina, færi strenginn eða tryggi að upplýsingar um legu strengjarins verði með öðrum hætti en með stikum á yfirborði jarðar á umræddum stöðum, en brunnar á ljósleiðarstrengnum verða niðurgrafnir.

#### 3.4.3.2. Skógrækt

(60) Í athugasemd frá landeiganda kom fram að skógrækt væri fyrirhuguð á Þjórsárósum og gæti því strengurinn því farið undir skóg í framtíðinni. Þjórsárósar eru ekki landfræðilega afmarkaðir með formlegum hætti og má ætla ósinn taki landfræðilegum breytingum með gangi tímans. Í rúmunum skilningi verður að ætla að Þjórsárósar séu töluvert stórt landsvæðisvæði. Ef ætlunin er að ráðast í stórtæka skógrækt á svæðinu þá þarf líklega að afla framkvæmdaleyfis til slíkra aðgerðar og væri hún jafnvel háð umhverfismati. Ekki liggur fyrir hvort viðhlítandi heimildir séu fyrir hendi til að ráðast í skógrækt á Þjórsárósum.

(61) Burtséð frá framangreindu kemur þverun ljósleiðarstrengs yfir Þjórsá ekki í veg fyrir skógrækt á Þjórsárósum jafnvel þótt að strengurinn fari undir skóg. Vissulega myndi aðgengi að strengnum takmarkast við það að hann fari undir skóg ef bregðast þarf við bilunum o.þ.h. Hins vegar þekkir FST engin dæmi þess að rætur skóglendis hafi tekið í sundur rör með ljósleiðarstrengjum og ætti slíkt enn síður að geta gerst í sendnum jarðvegi, enda gætu þá rætur trjáa fundið auðvelda leið framhjá fyrirstöðu strengsins. Í ljósi þessa og m.t.t. meginreglunnar að lagning fjarskiptastrengja eigi ekki að skerða möguleika landeigenda til landnýtingar verður að líta svo á að landeigendum sé heimil skógrækt á landi sem liggur yfir strenginn og að þeim sé ekki skylt að leita samþykki Ljósleiðarans fyrir þeirri landnýtingu.

#### 3.4.3.3. Veglagning

(62) Í athugasemd frá landeigenda kom fram að ef sameignarlandi yrði skipt myndi skapast þörf á því að leggja veg suður meðfram girðingunni svo að bændur hafi aðgengi að þessum löndum sínum að sunnan.

(63) Aftur verður að telja að skipting lands sem er í óskiptri sameign fjölmargra aðila sé skilyrt forsenda sem óljóst er hvort reyna muni á. Er því ekki hægt að taka tilliti þessa möguleika á landnýtingu þegar metin eru skerðingaráhrif ljósleiðarastrengsins.

(64) Hins vegar verður að telja að lega ljósleiðarastrengs á þessum stað þurfi ekki að hamla veglagningu. Ef um er að ræða veg sem fyrst og fremst er ætlaður að þjóna landeigendum á svæðinu en ekki ætlaður til almennrar umferðar verður að líta svo á að um vegslóða sé að ræða, sambærilega þeim sem í dag liggja niður að fjöru. Það er álit FST að lega og staðsetning ljósleiðarastrengs á eins metra dýpi hafi ekki áhrif á vegagerð af slíku tagi.

#### 3.4.3.4. Efnistaka

(65) Fram komu sjónarmið af hálfu landeigenda að ljósleiðarinn færi í gegnum malarnám á svæðinu og myndi hamla fyrirhugaðri töku byggingarefnis úr fjöruandi Þykkvabæjar og Háfshverfis.

(66) Hvað varðar hið fyrrnefnda að þá urðu starfsmenn Fjarskiptastofu ekki varir við malarnám á lagnaleiðinni í vettvangsferð sinni. Verður því að ætla að um sé að ræða malarnám eða sandtöku landeigenda til eigin afnota. Slík minniháttar efnistaka er ekki háð framkvæmdarleyfi samkvæmt 2. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/ 2010. Það er álit FST að lagning ljósleiðarastrengs í Þykkvabæ skerði ekki svo nokkru nemi möguleika landeigenda til minniháttar efnistöku til eigin nota.

(67) Öðru máli gegnir um meiriháttar efnistöku sem kallar á framkvæmdaleyfi og líklega einnig umhverfismat. Í athugasemdinni, sem varðaði töku byggingarefnis úr fjöru, var tekið fram að um væri að ræða mikið magn efnis sem ætlað væri í sölu til erlendra byggingarfyrirtækja. Í ljósi orðalags athugasemdarinnar, þ.e. að „komið hefur til tals“ að fara út í slíkar framkvæmdir má draga þá ályktun að framkvæmdaleyfi og umhverfismat liggi ekki fyrir. Þegar af þeim ástæðum er ekki hægt að taka til greina skerðingu á mögulegri landnýtingu sem háð er skilyrðum sem enn eru ekki uppfyllt.

#### 3.4.3.5. Ósnortið land

(68) Í athugasemdum landeigenda komu einnig fram sjónarmið um að leggja ætti ljósleiðarastrenginn að öllu leyti í veghelgunarsvæði vegarins sem liggur um Þykkvabæ. Ekki ætti að hreyfa við ósnortnu landi í fjörukambi Rangársands. Að áliti Ljósleiðarans er ekki um að ræða ósnortið land á þeirri lagnaleið sem liggur um fjörukambinn.

(69) Þar sem strengurinn liggur í vegstæði Ásvegar (nr. 2995) og síðan til suðurs meðfram vegslóða í átt að fjörunni er ekki hægt að tala um ósnortið land. Meira álitamál er hvort að lega strengsins í fjörkambinum frá vegslóða í landi Háfshóls til austurs í áttina að Hólsá sé ósnortið land eða ekki.

(70) Ekki er til skilgreining á hugtakinu *ósnortið land*. Hins vegar hefur hugtakið *ósnortið víðerni* verið skilgreint.<sup>7</sup> Ekki er hægt að leggja þá skilgreiningu beint til grundvallar við skilning á hugtakinu ósnortið land, þar sem í henni koma fram ákveðin fjarlægðarmörk varðandi vegi og mannvirki. Slík skilyrði þurfa ekki endilega að eiga við þegar metið er hvort land sé ósnortið. Hins vegar telur FST að hafa megi til hliðsjónar ákveðna þætti og sjónarmið sem búa að baki skilgreiningunni um ósnortin víðerni þegar metið er hvort land sé ósnortið eða ekki. Ósnortið er það land sem ekki gætir beinna ummerkja mannsins og náttúran fær að þróast án álags vegna mannglegra umsvifa.

(71) Tilgangur vettvangsferðar starfsmanna Fjarskiptastofu var m.a. til að skoða fyrirhugaða lagnaleið ljósleiðarstrengsins um Þykkvabæ svo að stofnunin hefði forsendur til að leggja mat á hvort að lagnaleiðin gæti talist fara um ósnortið land á þeim kafla hennar sem getið var í seinni málslið málsgreinar nr. 69. Þegar lagnaleiðin þar er skoðuð kemur í ljós að í

---

<sup>7</sup> Sjá niðurstöðu starfshóps umhverfisráðherra til að skilgreina hugtakið „ósnortin víðerni“ sem skilaði skýrslu um niðurstöðu sína til ráðherra á árinu 1998: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/1998/10/20/Osnortin-viderni-nidurstada-starfshops/>

fjörkambinum eru hjólför sem mynda einhvers konar vegslóða lengst af á lagnaleiðinni. Vegslóðin er þó misjafnlega greinilegur eftir einstökum köflum lagnaleiðarinnar. Þá er ætlunin að ljósleiðarastrengurinn liggja meðfram framræsluskurði á talsvert löngum köflum og í námunda við girðingar á sumum köflum. Í viðauka nr. 5 er að finna myndir sem sýna umrædd ummerki á landi. Þegar horft er til þeirra ummerkja sem eru nú þegar á fyrirhugaðri lagnaleið og þau hverfandi ummerki um plægingu ljósleiðarstrengs, sbr. lýsingu í málsgrein nr. 48, er ekki hægt að fallast á það að lagning strengsins muni raska ósnortnu landi.

(72) Þrátt fyrir að niðurstaða þessa máls sé sú að ljósleiðarstrengur Ljósleiðarans raski ekki ósnortnu landi í Þykkvabæ samkvæmt þeirri lagnaleið sem valin hefur verið ber að horfa til lagaskilyrða samkvæmt 69 gr. fjarskipalaga. Forðast ber að velja lagnaleið fyrir fjarskiptastrengi sem valda óþarfa raki á landi og ávallt ber að hafa umhverfissjónarmið að leiðarljósi. Hins vegar útilokar ákvæðið ekki rétt fjarskiptafyrirtækja til aðgangs að ósnortnu landi til lagningar á fjarskiptastrengjum ef slíkt er talið nauðsynlegt.

#### *3.4.4. Staðlaðir samningsskilmálar Ljósleiðarans*

(73) Í samráðsferlinu við landeigendur lagði Ljósleiðarinn fyrir þá skjal með stöðluðum samningsskilmálum. Með þessu verður að líta svo á að Ljósleiðarinn hafi leitast eftir því að ná samkomulagi við landeigendur um aðgang að landi þeirra. Í athugasemdum sumra landeigenda kemur fram gagnrýni á þessa nálgun Ljósleiðarans sem þeir telja hrokafulla með því að lagt sé fyrir þá að samþykkja fyrir fram ákveðna skilmála sem séu einhliða til hagsbóta fyrir félagið og leggi íþyngjandi kvaðir á landeigendur.

(74) FST hefur skilning á þessari nálgun Ljósleiðarans. Það verður að telja æskilegt að gagnkvæmt samkomulag sé til staðar milli landeigenda og fjarskiptafyrirtækja varðandi framkvæmdir þeirra síðarnefndu innan eignarlanda. Skjalfesting á slíku samkomulagi getur einnig þjónað praktískum tilgangi, t.d. að þar komi fram tengiliðaupplýsingar og leiðbeiningar um gagnkvæmar tilkynningar um fyrirhugaðar framkvæmdir landeigenda í námunda við strenginn eða þörf fjarskiptafyrirtækis til aðgangs og rasks á landi til viðhalds eða viðgerðar á strengnum.

(75) Það verður hins vegar að gæta þess að samningsskilmálar sem fjarskiptafyrirtæki leggur fram gagnvart landeigendum séu í samræmi við þá hagsmuni sem njóta verndar 69. gr. fjarskiptalaga. Að því sögðu er ekki óheimilt fyrir fjarskiptafyrirtæki og landeigendur að ná samkomulagi um skilmála sem ekki falla undir verndarandlag 1. mgr. 69. gr. fjarskiptalaga. En lögbundin skylda landeigenda, til að veita fjarskiptafyrirtækjum aðgang að landi vegna lagningu fjarskiptastrengja, þvingar þá ekki til að samþykkja og undirgangast slíka skilmála.

(76) Hvað varðar hagsmuni Ljósleiðarans um að þurfa að tryggja sér aðgang að strengnum til framtíðar til viðhalds og viðgerðar á ljósleiðarastrengnum að þá er óþarft fyrir félagið að gera það með samningsbundnum hætti við landeigendur. Réttur til aðgangs að landi á grundvelli 1. mgr. 69. gr. fjarskiptalaga tekur líka til aðgangs að fjarskiptastrengjum vegna viðhalds og viðgerða síðar meir.

(77) Í athugasemdum landeigenda var sérstaklega fundið að áskilnaði Ljósleiðarans um að búa til *helgunarsvæði* yfir lagnaleiðinni sem næmi einum metra sitthvoru megin við rörið, sbr. 2. tölulið staðlaða samkomulagsins. Ætla má að tilgangur slíks skilmála sé að búa

Ljósleiðarastrengnum aukið öryggi og auðvelda Ljósleiðaranum aðgang að strengnum vegna viðhalds og viðgerða. Ákvæði 1. mgr. 69. gr. fjarskiptalaga, um skyldubundinn og endurgjaldslausan aðgang fjarskiptafyrirtækja að landi til lagningar á fjarskiptastrengjum, byggir aftur á móti á þeirri forsendu að aðgangurinn skerði ekki nýtingarmöguleika landeigenda á landinu svo nokkru nemi. Þetta ákvæði samningsskilmálanna er því ekki í samræmi við 1. mgr. 69. gr. fjarskiptalaga.

(78) Í stöðluðu samningsskilmálunum er inntak hugtaksins „helgunarsvæði“ ekki skilgreint eða útskýrt hvaða réttaráhrif það hefur gagnvart landeigendum. Ef ákvæði 32. gr. vegalaga nr. 80/2007 um *veghelgunarsvæði* er haft til hliðsjónar má ætla að ráðstöfunarréttur landeigenda á landi yfir helgunarsvæðinu yrði verulega takmarkaður. Undirritun á slíkum skilmála felur í reynd í sér afsal á eignarréttindum og er í eðli sínu líkari aðgangsréttindum að landi sem leiða af eignarnámi, sbr. 70. gr. fjarskiptalaga. Með undirritun á slíkum skilmála væri landeigandi varanlega að afsala sér rétti til að nýta land sitt á helgunarsvæðinu og fyrir slíkt ætti hann rétt á, samkvæmt meginreglum eignarréttar og eignarréttarákvæðis stjórnarskrárinnar, bótum sem væru í réttu hlutfalli við tjónið af skertum eignarréttindum. Gengur það jafnframt gegn þeim forsendum sem búa að baki *almennri takmörkun á eignarréttindum* samkvæmt 1. mgr. 69. gr. fjarskiptalaga.

(79) Samkvæmt framangreindu er það niðurstaða FST að landeigendum, sem eiga aðild að þessu máli, sé ekki skylt að undirrita samkomulag við Ljósleiðarann um aðgang að landi samkvæmt stöðluðum samningi sem félagið lagði fram, þrátt fyrir að þeim beri skylda til að veita fjarskiptafyrirtækinu aðgang að landi á grundvelli 1. mgr. 69. gr. fjarskiptalaga.

### **3.5. Afstaða FST til annarra sjónarmiða landeigenda**

(80) Í kafla 3.4. kemur fram afstaða FST til athugasemda málsaðila er lúta að skilyrðum aðgangsréttar fjarskiptafyrirtækja samkvæmt 1. mgr. 69 gr. fjarskiptalaga, s.s. varðandi bótarétt fyrir jarðrask og skerðingu á landnýtingu, kröfur til samráðs fjarskiptafyrirtækja við landeigendur um val á lagnaleið og um þýðingu staðlaðra samningsskilmála Ljósleiðarans í þessu samhengi. Að mati FST er þetta meginefni þeirra athugasemda sem bárust frá landeigendum. Í athugasemdum landeigenda komu einnig fram önnur sjónarmið sem stofnunin telur tilefni til að fjalla sérstaklega um.

#### *3.5.1. Opinbert eignarhald og almannahagsmunir samanborið við einkahagsmuni*

(81) Í athugasemdum landeigenda koma fram sjónarmið um að lagaákvæði um aðgangsrétt fjarskiptafyrirtækja að landi til að leggja fjarskiptastrengi sé barn síns tíma. Með setningu laga nr. 12/1905 um ritsíma, talsíma o.fl. hafi verið komið á ríkiseinokun á fjarskiptastarfsemi og að uppbygging fjarskiptainnviða hafi verið á hendi hins opinbera og þannig þjónað almannahagsmunum. Nú sé aftur á móti gerbreyttar markaðsaðstæður og forsendurnar sem bjuggu að baki lagaákvæði um aðgangsrétti fjarskiptafyrirtækja að landi séu nú löngu brostnar. Í dag sé um að ræða einkarekin og hagnaðardrifin fjarskiptafyrirtæki sem ekki eiga að njóta endurgjaldslausis aðgangsréttar að landi sem ætlaður var að þjóna samfélagslegum tilgangi á sínum tíma.

(82) FST getur ekki fallist á framangreindan skilning. Að áliti stofnunarinnar felur uppbygging fjarskiptainnviða í sér samfélagslegan ávinning þótt að framkvæmdir við uppbygginu og rekstur þeirra sé í höndum einkaaðila sem starfa í ágóðaskyni. Uppbygging fjarskiptainnviða á



borð við ljósleiðara eykur fjarskiptaöryggi almennings og er grundvöllur fyrir bættri og hagkvæmari fjarskiptaþjónustu neytendum öllum til hagsbóta.

(83) Þá getur FST ekki heldur fallist á að lagaákvæði um aðgangsrétt fjarskiptafyrirtækja að landi til að leggja fjarskiptastrengi í jörðu sé úrelt eða það hafi með einhverjum hætti gleymst að breyta því eða afnema í áranna rás. Fjarskiptalög voru allnokkrum sinnum endurskoðuð og endurútgefin á síðustu öld. Með tímanum voru gerðar orðalagsbreytingar á ákvæðinu til að halda í við ríkjandi tækniþróun, auk þess sem orðfæri þess var uppfært til samræmis við verklag og venjur við lagasetningu á hverjum tíma. Inntaki ákvæðisins var þó aldrei breytt sem bendir til þess að það hafi verið meðvituð ákvörðun löggjafans að hrófla ekki við aðgangsréttinum, þótt gerðar hafi verið breytingar á orðalagi umrædds lagaákvæðis.

(84) Við afnám einkaréttar hins opinbera á fjarskiptastarfsemi þann 1. janúar 1998 hélt framkvæmd löggjafans áfram óbreytt hvað varðar aðgangsrétt fjarskiptafyrirtækja að landi. Í framhaldi af opnun fjarskiptamarkaðar færðist fjarskiptastarfsemi í auknum mæli yfir til einkarekinna fjarskiptafyrirtækja og á endanum hætti hið opinbera alfarið aðkomu að rekstri almennrar fjarskiptaþjónustu með sölunni á Landssíma Íslands hf. árið 2006. Aðgangsréttur fjarskiptafyrirtækja að landi til að leggja fjarskiptastrengi hélst óbreyttur á þessu umbreytingaskeiði. Reyndar verður að telja að löggjafinn hafi sérstaklega lagt mat á þennan aðgangsrétt fjarskiptafyrirtækja þótt þau væru eigu einkaaðila. Með lögum um fjarskipti nr. 81/2003 var horfið frá fyrirkomulagi leyfisveitinga til fjarskiptastarfsemi. Eftir lagabreytinguna var nóg fyrir aðila sem áformuðu rekstur á fjarskiptastarfsemi að tilkynna áformin til Póst- og fjarskiptastofnunar. Við skráningu fjarskiptafyrirtækis hjá Póst- og fjarskiptastofnun öðlaðist fyrirtækið rétt til að starfa á grundvelli s.k. *almennrar heimildar*. Í lögum voru skilyrði almennrar heimildar tíunduð og lagt fyrir Póst- og fjarskiptastofnun að setja reglur til nánari útfærslu á réttindum og skyldum fjarskiptafyrirtækja samkvæmt almennri heimild, sbr. reglur nr. 345/2005. Í 5. gr. laganna er sérstaklega hnykkt á því að með almennri heimild fylgi réttur fjarskiptafyrirtækja til aðgangs að landi samkvæmt 69. gr. laganna. Í athugasemdum í greinargerð frumvarpsins sem varð að áðurnefndum fjarskiptalögum segir eftirfarandi til skýringar á ákvæðinu:

„Sömuleiðis fylgir almennri heimild réttur til þess að fá aðgang að landi til þess að setja upp fjarskiptavirki sem nauðsynleg eru til þess að geta boðið fram net og þjónustu, sbr. 69. gr.“

(85) Þannig taldi löggjafinn tilefni til að áréttta það sérstaklega að fjarskiptafyrirtæki eiga rétt til aðgangs að landi til að koma upp aðstöðu fyrir fjarskiptavirki. Er sá réttur ótvíræður hluti af almennri heimild fjarskiptafyrirtækja hvort sem þau eru einkarekin eða í eigu og rekstri hins opinbera, enda enginn greinarmunur gerður á rekstarformi fjarskiptafyrirtækja í lögum um fjarskipti nr. 81/2003 hvað varðar réttindi og skyldur samkvæmt almennri heimild.

### 3.5.2. Háhraða farnet fremur en ljósleiðarastrengi

(86) Í athugasemdum landeigenda kemur fram sjónarmið um að lagning ljósleiðarastrengja í jörðu sé óþörf vegna öflugra 5G farnetskerfa sem geti komið í stað ljósleiðaratenginga.

(87) Í fyrsta lagi telur FST að 5G þjónusta sé ekki staðgönguvara fyrir ljósleiðara þótt að hún kunni á einhverjum tímapunkti í framtíðinni að verða það. Í annan stað byggir þetta sjónarmið á ákveðnum misskilningi á eðli 5G farnetstækninnar. Til að ná þeim gagnflutningshraða sem fylgir 5G þjónustu þurfa farnetssendar að vera tengdir við ljósleiðara og allt baknet farnetskerfanna þarf að vera þjónað af bandbreiðum stofnlínutengingum á borð við ljósleiðara.

(88) Til að ná fram auknum gagnaflutningshraða í 5G farnetum og næstu kynsóðum farneta þarf að þetta útbreiðslu farnetssenda sem keyra á mun meiri bandbreidd en tíðkast hefur til þessa. Á móti kemur að farnetssendar með mikilli bandbreidd hafa minni landfræðilega drægni og því er fyrirséð að farnetssendum mun fjölga til mikilla muna á allra næstu árum. Fjölgun farnetssenda kallar á þéttriðnara kerfi ljósleiðara sem burðarlag fyrir þjónustuna. Að áliti FST styður því lagning ljósleiðara í Þykkvabænum við frekari þróun og uppbyggingu á 5G þjónustu á svæðinu íbúum og notendum öllum til góðs.

### *3.5.3. Bótaábyrgð og tryggingar*

(89) Í athugasemdum landeigenda er bent á að þeir geti orðið fyrir fjárhagslegum skaða vegna skaðabótaskyldu sem liggur við því að rjúfa fjarskiptastreng. Tryggingar til að mæta þessari bótaábyrgð landeigenda sé dýr og því sé rétt að bætur fyrir aðgang að landi taki mið af því.

(90) Það er rétt að fjarskiptastrengir njóta sérstakrar verndar í fjarskiptalögum, sbr. 71. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 sem m.a. felur í sér skaðabótaábyrgð þess aðila sem tekur í sundur fjarskiptastreng. Af þessum sökum er mikilvægt að fjarskiptafyrirtæki viðhafi samráð við landeigendur um val á lagnaleið til að lágmarka hættu á því að fjarskiptastrengir séu teknir í sundur fyrir slysi. Einnig að landeigendur hafi greinargóðar upplýsingar um legu fjarskiptastrengja svo þeir geti aðlagð mögulega jarðvegsvinnu sína til samræmis við þær. Hins vegar gerir 69. gr. laganna eingöngu ráð fyrir því að bætur komi fyrir ef kosta þarf framkvæmdir til að bæta úr jarðraski eða vegna tjóns á skertum möguleikum til landnýtingar. Af þeim sökum er ekki hægt að fallast á að landeigendur eigi rétt á bótum til að standa straum af tryggingarkostnaði.

### *3.5.4. Aðgangsgjöld, leigugjöld og/eða hlutdeild í söluhagnaði*

(91) Í ljósi þess að um sé að ræða fyrirhugaða framkvæmd á vegum einkafyrirtækis sem geti skapað því söluhagnað og arð síðar meir komu fram sjónarmið í athugasemdum landeigenda um að sanngjarnt væri að þeir fengju hlutdeild í slíkri verðmætasköpun fyrir að leggja til land til að búa til slík verðmæti.

(92) Í 69. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 er gert ráð fyrir landeigandi geti átt rétt á bótum vegna úrbóta sem getur þurft að gera á landi í kjölfar lagningu fjarskiptastrengja eða vegna skerðingar á möguleikum til landnýtingar sem jarðstrengjalögn getur haft í för með sér. Slíkar bætur þurfa að vera í réttu hlutfalli við metið tjón. Aðgangsgjöld, leigugjöld og/eða hlutdeild í framtíðar söluhagnaði, sem tekur mið af verðmæti þess fjarskiptavirkis sem um ræðir eða þeirra tekna sem það á þátt í að skapa, stendur ekki í neinum tengslum við þann bótarétt sem ákvæði fjarskiptalaga mælir fyrir um. Er því ekki unnt að taka til greina sjónarmið landeigenda af þessum toga.

## **3.6. Samantekt**

(93) Samkvæmt framangreindu á Ljósleiðarinn rétt til aðgangs að landi til að leggja ljósleiðarastreng innan eignarlanda í Þykkvabæ. Nánar til tekið samkvæmt hnitsettri lagnaleið sem tilgreind er í viðauka 2. við ákvörðunina. Gerð var grein fyrir tilgangi að baki sérstöku ákvæði 69. gr. fjarskiptalaga um rétt fjarskiptafyrirtækja til aðgangs að landi til að leggja fjarskiptastrengi og hvaða hagsmunir ákvæðinu er ætlað að vernda. Í þeirri skoðun var m.a. litið til sambærilegs lagaákvæðis í fjarskiptaregluverki ESB.

(94) Fjarskiptastofa vísaði til þess að umrætt lagaákvæði fæli í sér almenna takmörkun á eignarrétti sem eigendur þyrftu jafnan að þola bótalaust. Komist var að þeirri niðurstöðu að landeigendur eigi ekki rétt bótum nema að framkvæmdir skilji eftir sig jarðrask sem ekki verði bætt úr án kostnaðar eða ef fjarskiptavirki skerðir með sannanlegum hætti möguleika til landnýtingar. Með tilliti til þeirrar aðferðar sem notuð verður við lagningu strengsins (plæging) og eftir mat á áhrifum á möguleikum til landnýtingar var það álit FST að landeigendur ættu ekki rétt á bótum.

(95) Það er gert að skilyrði fyrir aðgangsrétti fjarskiptafyrirtækja að landi vegna lagningar fjarskiptastrengja að þau viðhafi samráð við landeigendur um val á lagnaleið. Í fjarskiptalögum er ekki að finna kröfur eða leiðbeiningar um hvernig fjarskiptafyrirtækjum ber að standa að slíku samráði. FST taldi að sú leið sem Ljósleiðarinn kaus að fara með því að senda landeigendum kynningarbréf með upplýsingum um lagnaleiðina væri fullnægjandi með tilliti til laga. Hins vegar taldi stofnunin að það hefðu verið hnökrar á framkvæmd Ljósleiðarans á samráðinu. Hnökrarnir væru þó ekki svo miklir eða þess eðlis að þeir ættu að ónýta samráðsferlið. Þá var komist að þeirri niðurstöðu að staðlaðir samningsskilmálar sem Ljósleiðarinn lagði fyrir landeigendur í samráðsferlinu væru ekki í samræmi við 69. gr. fjarskiptalaga. Þótt að landeigendum væri skylt að veita Ljósleiðaranum aðgang að landi til að leggja ljósleiðarastrenginn samkvæmt 69. gr. fjarskiptalaga væru þeir ekki bundnir af því samþykki og undirgangast þá skilmála sem Ljósleiðarinn lagði fyrir þá.

(96) Þá var í sérstökum kafla svarað ýmsum sjónarmiðum og athugasemdum landeigenda sem FST taldi ástæðu til að bregðast við. Ekki þykir tilefni til að rekja þá umfjöllun í þessum samantektarkafli. Vegagerðin, sem jafnframt á aðild að þessu stjórnslumáli, lét málið ekki til sína taka.

### *Ákvörðunarorð*

- 1. Ljósleiðarinn ehf. á rétt, samkvæmt 1. mgr. 69. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003, til aðgangs að eignarlöndum í Þykkvabæ til lagningar á ljósleiðarstreng samkvæmt þeirri**

lagnaleið sem tilgreind er í viðaukum við ákvörðun þessa. Þinglýstum eigendum eignarlanda á lagnaleiðinni ber að veita Ljósleiðaranum ehf. aðgang að landi sínu vegna framkvæmdarinnar bóttalaust.

2. Þrátt fyrir að þinglýstum eigendum eignarlanda á lagnaleiðinni beri að samþykkja aðgang Ljósleiðarans ehf. að landi í þeirra eigu til lagningar á ljósleiðarastreng, sbr. 1. tölulið ákvörðunarorða, er þeim ekki skylt að samþykkja staðlaða samningsskilmála sem Ljósleiðarinn ehf. lagði fyrir þá í samráðsferli um framkvæmdina.
3. Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 75/2021, um Fjarskiptastofu. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Fjarskiptastofu. Um málskostnað fer samkvæmt 5. mgr. ákvæðisins, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Samkvæmt 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/2021, um Fjarskiptastofu getur aðili einnig borið ákvörðun Fjarskiptastofu beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til meðferðar.

*Fjarskiptastofa, 22 september 2022.*

---

Hrafnkell V. Gíslason

---

Björn Geirsson

Viðaukar við ákvörðun:

- Viðauki 1. Uppdráttur af lagnaleið (ekki birtur opinberlega)
- Viðauki 2. GPS hnitsetning á lagnaleið (ekki birtur opinberlega)
- Viðauki 3. Yfirlit yfir þinglýsta landeigendur (ekki birtur opinberlega)
- Viðauki 4. Athugasemdir við val á lagnaleið og afstaða Ljósleiðarans til þeirra
- Viðauki 5. Myndir teknar af lagnaleið í vettvangsferð Fjarskiptastofu

Samrit til allra málsaðila.